

Til Atvinnumálanefndar Alþingis  
Kristján Möller form.

18. maí 2012.

**Efni: Umsögn og ábendingar vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma.**

Undirritaður hefur fengist við gerð gönguleiðabóka, bæklinga og korta sem tengjast útiveru og ferðalögum og nú í byrjun maí var áformuð útgáfa gönguleiðarbókar um Reykjanesskagann. Útkomudagur bókarinnar frestaðist hins vegar til 31. maí n.k. og í tengslum við þetta, klúðraðist að skila inn athugasemdum við nefnda rammaáætlun í tæka tíð. Vonandi gefst þó tækifæri að kynna athugasemdir mínar fyrir Atvinnumálanefnd Alþingis.

Í væntanlegri bók; 25 gönguleiðir á Reykjanesskaganum, tengjast nokkrar leiðir þeim stöðum, þar sem áform eru um tilraunaboranir og hugsanlega byggingu jarðvarmavirkjana með tilheyrandi mannvirkjum, línulögnum/jarðstrengjum, vegalögnum o.s.frv.

Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að ná þurfi sátt og samkomulagi um Reykjanesskagann, þar sem gætt verði jafnvægis milli verndar, útivistar, ferðamennsku og orkunýtingar. Skipta má svæðinu frá Reykjanestá að Þingvallavatni í þrennt í þessu sambandi. Fyrsta svæðið er vestan Grindavíkurveggar og þar er nú umtalsverð orkuvinnsla. Annað svæðið nær frá Grindavíkurvegi að Þrengslavegi og þar eru engar virkjanir en orkuvinnsla áformuð á nokkrum stöðum. Þriðja svæðið er svo austan Þrengslavegar og þar er nú þegar einnig umtalsverð orkuvinnsla. Skoða þarf hvert svæði fyrir sig með tilliti til ofangreindra þátta, en ennþá er tækifæri að gera verndun, útivist og uppbyggingu ferðaþjónustu að grundvallarþáttum á miðsvæðinu.

Í nefndri rammaáætlun eru fimm staðir á miðsvæðinu nefndir sem hugsanlegir orkuvinnslustaðir: Brennisteinsfjöll, Austurengjahver, Sveifluháls, Trölladyngja og Sandfell. Í tillögnum eru svo Brennisteinsfjöll í verndarflokki, Austurengjahver og Trölladyngja í biðflokki og Sveifluháls og Sandfell í nýtingarflokki. Land Krýsuvíkjarðarinnar gömlu nær næstum til alls þess svæðis, þar sem þessir fimm staðir eru. Brennisteinsfjöll eru á mörkunum og Sandfell rétt vestan þeirra. Landfræðilega og sögulega er því ástæða til að kalla þetta svæði; Krýsuvíkursvæðið.

Ég vil gera hér að sérstöku umfjöllunarefni þau svæði sem sett voru í nýtingarflokk: Sveifluháls/Seltún og Sandfell. Bæði þessi svæði tengjast gönguleiðum í bók minni. Ekki þarf að lýsa stöðu Seltúns sem sérstaks hverasvæðis. En Seltún er hluti af einstakri heild með mörgum náttúruperlum. Áformað borsvæði er við Hverahvamm – einstaklega litrík svæði og eftirlæti málans, Sveins Björnssonar, sem átti sér annað heimili í Sveinshúsi í Krýsuvík. Þar allt um kring er mikil hveravirkni. Allt kallar þar á bætt aðgengi fyrir ferðafólk með gönguleiðum og útsýnisstöðum – ekki aðeins í Seltúni.

Hér liggur svo Sveifluhálsinn – sá einstaki móbergshryggur með auðnarlandslagi sem gerir landsköpunina eins sýnilega og kostur er. Lítið fjallavatn – Arnarvatn kúrir svo í friðsæld sinni rétt ofan Seltúns.

Verði af jarðvarmavirkjunum á Krýsuvíkursvæðinu, munu vegir, loftlínur og jarðstrengir, einkenna þetta svæði auk mannvirkja á virkjunarstað. Með áframhaldandi fjöldun ferðamanna, munu gestir í Seltúni brátt skipta hundruðum þúsunda á ári og það allan ársins hring.

Það er hrein skammsýni að halda að hér verði bæði sleppt og haldið. Á Krýsuvíkursvæðinu hafa mörg mistök verið gerð á undanförunum áratugum með misheppnuðum framkvæmdum, en Sveifluhálsinum má enn bjarga, hafi menn til þess framsýni.

Lítið hefur verið fjallað um Sandfell og umhverfi þessi í tengslum við rammaáætlunina og svo virðist, að það svæði skipti litlu í umhverfislegu tilliti. Það er reginn misskilningur. Vestan Núpshlíðarháls/Vesturháls er eitt fallegasta svæðið á öllum Reykjanesskaganum með Selsvelli og Keili í öndvegi. Vesturmörk Reykjanesfólkvangs liggja um Núpshlíðarháls og þaðan er örstutt að þeim stað, sem fyrirhugað er að bora á við Sandfell. Selsvellir með fjölda seljarústa eru svo rétt norðar.

Umhverfis og vestanvið Sandfellið er eitt mesta auðnarsvæðið á öllum Reykjanesskaganum með dökkum söndum, keilulöguðum hnúkum og ávölum fellum. Á stóru svæði sést varla stingandi strá. Svæðið minnir um sumt á Möðdudalsfjallgarða. Hið dökka yfirbragð landslagsins hefur lengi ekki heillað Íslendinga, en þess frekar erlenda ferðamenn. Rétt hjá fyrirhuguðu borsvæði liggur svo Selsstígurinn áleiðis til Grindavíkur og grópaður niður í hraunhelluna. Hann geymir sporin í mörg hundruð ár.

Fram að þessu hefur umhverfinu kringum Sandfell verið það til bjargar, að engir vegir liggja að svæðinu og nokkuð langt á þjóðvegi. Aksturslóðar hér og þar stinga í augum, en þessum fornu slóðum útilegumanna og hreindýra má þó enn bjarga frá minnismarkjum okkar í margvíslegum mannvirkjum.

Verði af virkjunum við Sandfell, Trölladyngju, í Sveifluhálsi og við Austurnegjahver, munu orkuflutningsmannvirki reka fleig í þetta nánast ósnortna víðerni, vegir og slóðar liggja til allra átta og stöðvarhús í stíl við önnur slík á Reykjanesskaganum, kóróna sköðunarverkið. Hér verður ekki tryggt eftir, ef landslag Reykjanesskagans á að fá að halda sér áfram til komandi kynslóða.

Borsvæðið upp við Sog hjá Trölladyngju og vegurinn þangað ætti að duga til að sjá, hver hætta er búin þessu svæði, verði haldið áfram á þessari braut. Framkvæmdir við Sandfell bjóða allri þessari hættu heim.

Meðfylgjandi er listi yfir þær 25 gönguleiðir á Reykjanesskaganum, sem verða í væntanlegri bók.

Virðingarfyllst,



Reynir Ingibjartsson, Dvergholti 1, Hafnarfirði.

## 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga í gönguleiðabók 2012

- 1 Kringum Helgafell
- 2 Sunnan Straumsvíkur og Alfaraleið
- 3 Lambafellsklofi við Höskuldarvelli
- 4 Selsvellir
- 5 Staðarborg
- 6 Vogastapi
- 7 Garðskagi
- 8 Básendar
- 9 Hafnarberg
- 10 Reykjanestá, Skálafell og Gunnhver
- 11 Þorbjörn
- 12 Selatangar og Katlar
- 13 Sog, Grænavatn og Djúpavatn
- 14 Húshólmi
- 15 Krýsuvíkurberg og Selalda
- 16 Seltún og Sveifluháls
- 17 Grænavatn og Austurengjahver
- 18 Geitahlíð og Stóra-Eldborg
- 19 Herdísarvík
- 20 Strandarkirkja og Selvogur
- 21 Vestan Þorlákshafnar
- 22 Geitafell við Þrengslaveg
- 23 Jósefsdalur og Eldborgir
- 24 Þrihnúkar
- 25 Grindaskörð